

Kristjana Benediktsdottir

From: Eva Margret Aevarsdottir
Sent: 16. maí 2000 10:52
To: Kristjana Benediktsdottir
Subject: FW: 34. gr. frumvarps til laga um brunavarnir.

485. maí

Alþingi
Erindi nr. Þ 125/2133
komudagur 17.5.2000



Refsiákvæði brunaf til
nefndar...

Viltu skrá þetta á málið?

Eva

-----Original Message-----

From: StjUmh: Sigrídur Audur Arnardottir
[mailto:sigrídur.arnardottir@umh.stjr.is]
Sent: 30. mars 2000 15:27
To: evam
Subject: 34. gr. frumvarps til laga um brunavarnir.

Sæl Eva Margrét. Benedikt Bogason í dómsmálaráðuneytinu hafði samband við mig út af refsíákvæði frumvarpsins og gerði athugasemdir við ákvæðið, þ.e. 34. gr. Ég sendi þér tillögu mína að nýjum texta greininnar og greinargerð samkvæmt ábendingum hans.

Svo ég útskýri þessar breytingar örlítið þá taldi ég að það þyrfti að taka fram sérstaklega í refsíákvæði ef heimilt væri að refsa fyrir gáleysi. Þetta er rangt því með gagnályktun frá 18. gr. hegningarlaga þá gildir það um öll sérrefsilög að heimilt sé að refsa fyrir gáleysi og ásetning nema annað sé tekið fram. Ákvæðið í 34. gr. eins og það stendur núna er því að gera strangari refsiskilyrði en er samkvæmt gildandi lögum og var það alls ekki meining frumvarpshöfunda.

Varðandi breytingu vegna refsíabyrgðar lögaðila þá heimilar ákvæðið eins og það stendur núna að refsa fyrir hlutlæga ábyrgð og er slík ákvæði að færast í vöxt í sérrefsilögum. Benedikt sem er formaður refsiréttarnefndar telur hins vegar að þarna séu menn að fara of strangt í sakirnar og ekki eigi að vera hlutlæg ábyrgð nema í undantekningartilvikum. Ég gerði tillögu á breytingu á greininni til samræmis við þetta og er nú aðeins heimilt að refsa liggja fyrir sök hjá starfsmanni lögaðila.

Í 34. gr. tölulið í kafla III í almennum athugasemdum (síða 18) kemur þessi misskilningur fram um refsiskilyrðin. Ef umhverfisnefnd ákveður að gera breytingar á greininni sbr. meðfylgjandi skjal, getur hún þá tekið út eftirfarandi texta sem er innan sviga?

Í 34. gr. (er lagt til að rýmka skilyrði refsingar þannig að heimilt sé að ákvarða refsingu vegna stórfellds gáleysis. Jafnframt.) er.....sbr. lög nr. 140/1998.

Þú hefur samband ef eitthvað er.
Kveðja, Sigríður.